

Miðvikudaginn 20. maí 1942.

Nr. 98/1941. Réttvísinn og valdstjórnin

(cand. jur. Gunnar J. Möller)

gegn

Friðriki Þórðarsyni, (Einar B. Guðmundsson)
Ingimundi Einarssyni, Otúel Sólmundi Sig-
urðssyni, Sigurði Kristjánssyni og Jónasi
Kristjánssyni (Jón Ásbjörnsson).

Stjórnendur félags sóttir til refsingar fyrir brot á ákvæð-
um 26. kafla alm. hegningarlaga og laga um samvinnu-
félög nr. 46 frá 1937 vegna ráðstöfunar um arðgreiðslu
til félagsmanna.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Theódór B. Lindal hæsta-
réttarmálflutningsmaður, skipaður setudómari í málinu.

Félagið Grímur var stofnað og skrásett sem samvinnufé-
lag árið 1933. En það virðist hafa verið rekið allmörg undan-
gengin ár, þar á meðal allt árið 1940, utan verksviðs þess,
sem samvinnufélögum er sett í 2. gr. laga um samvinnu-
félög nr. 46 frá 1937, án þess þó að félaginu hafi verið komið
í annað lögmætt horf, sbr. 39. gr. nefndra laga.

Í 6. tölulið 3. gr. laga um samvinnufélög er svo mælt, að
arður af viðskiptum, er utanfélagsmenn kunna að hafa gert
við samvinnufélag, skuli lagður í varasjóð þess. Ákvæði
þetta er reist á þeirri forsendu, að félag sé rekið á grund-
velli samvinnufélagsskapar og að félagsmenn njóti hagn-
aðar af viðskiptum við það, sbr. m. a. 1. og 2. gr. og 4. töl-
lið 3. gr. laganna, en að skipti við utanfélagsmenn séu að-
eins aukaatriði í félagsrekstrinum. Nú virðist margra ára
reynsla hafa sýnt það um félagið Grím, að því hafi ekki
tekizt að reka útgerð skips síns, Eldborgar, frá Borgarnesi
á venjulegum samvinnugrundvelli, þannig að félagsmenn
gætu sjálfir átt skipti við félagið og notið hagnaðar með
þeim hætti, er lög um samvinnufélög gera ráð fyrir, þ. e.
með þátttöku í félagsstarfinu. Félagið virðist því ekki geta,

meðan starfsemi þess er með þessum hætti, náð því aðalmarkmiði sínu og samvinnufélaga yfirleitt að efla hagsæld félagsmanna, nema með beinum fjárgreiðslum á svipaðan hátt og ákveðið var á aðalfundi þess árið 1941. Og þar sem fyrrgreint ákvæði 6. töluliðs 3. gr. laga nr. 46 frá 1937 þykir samkvæmt sjónarmiðum þeim, er til grundvallar lágu setningu þess, ekki geta átt við, eins og hér standa sakir, þá verður að telja fjáruhlutun þá til félagsmanna, sem ákveðin var á nefndum aðalfundi, hafa verið heimila, enda brýtur hún ekki í bága við nein ákvæði laga, er vernda rétt skuldheimtumanna. Hins vegar bar stjórn félagsins, þegar sýnt var, að það gat ekki starfað á grundvelli samvinnulaga, að gera gangskör að félagsslitum. En með því að eigi verður eftir rannsókn málsins og flutningi talið, að ákærðu hafi verið sóttir til refsingar fyrir þessa vanrækslu sína, verður hér eigi að álitum gert, hvort hún varði refsingu að lögum.

Samkvæmt því, sem að framan segir, þykir verða að sýkna hina ákærðu af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eftir þessum málalokum verður að dæma rikissjóð til greiðslu sakarkostnaðar fyrir báðum dómum, þar með talin málsvarnarlaun verjanda í héraði, 300 kr., málflutningslaun sækjanda fyrir hæstarétti, 500 kr., málsvarnarlaun verjanda ákærða Friðriks Þórðarsonar, 450 kr., og málsvarnarlaun verjanda annarra hinna ákærðu, 450 kr.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Friðrik Þórðarson, Ingimundur Einarsson, Otúel Sólmundur Sigurðsson, Sigurður Kristjánsson og Jónas Kristjánsson, eiga að vera sýknir af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærðu í héraði, Péturs Magnússonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 300.00, málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, Gunn-

ars Möllers cand. jur., kr. 500.00, málflutningslaun skipaðs verjanda ákærða Friðriks Þórðarsonar fyrir hæstarétti, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 450.00, og málflutningslaun skipaðs verjanda fyrir hæstarétti annarra hinna ákærðu, Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 450.00.

Sératkvæði hrd. Gissurar Bergsteinssonar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Theódór B. Lindal hæstaréttarmálflutningsmaður, skipaður setudómari í málinu.

Eins og í héraðsdómi segir, var s/f Grímur stofnað og skrásett samvinnufélag, og eru samþykktir þess í samræmi við lög um samvinnufélög, sbr. lög nr. 36/1921 og nú lög nr. 46/1937. Félag þetta hefur og lýst sig samvinnufélag í fjárskiptum sínum við kaupunauta sína og viðsemjendur. Bar þess vegna að leggja fé það, er telja verður hafa stafað af skiptum við utanfélagsmenn og greitt var og greiða skyldi samkvæmt ályktun aðalfundar einstökum félögum, svo sem í héraðsdómi greinir, í varasjóð félagsins, sbr. 6. tölul. 3. gr. laga nr. 46/1937. Með ráðlagi sínu því, er lýst er í héraðsdómi, hafa hinir ákærðu brotið fyrirmæli 2. tölul. 26. gr. sömu laga, og varðar brot þeirra við 2. málsg. 42. gr. laga þessara. Hins vegar varðar verknaður hinna ákærðu eigi við nein ákvæði 26. kafla hegningarlaga nr. 19/1940, og verður því að sýkna þá af ákæru réttvísinnar í máli þessu. Þykir refsing ákærða Friðriks Þórðarsonar hæfilega ákveðin 700 króna sekt í rikissjóð og hvers hinna 500 króna sekt í sama sjóð. Ef sektir greiðast ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, þá afpláni ákærði Friðrik sína sekt með 20 daga varðhaldi, en hver annarra hinna ákærðu sína sekt með 18 daga varðhaldi.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms ber að staðfesta.

Ákærði Friðrik greiði verjanda sínum fyrir hæstarétti kr. 450.00 í málsvarnarlaun og aðrir hinir ákærðu in solidum 450 krónur í málsvarnarlaun til verjanda síns fyrir hæstarétti. Hinir ákærðu greiði in solidum allan annan

áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun, kr. 500.00, til sækjanda fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Friðrik Þórðarson greiði 700 króna sekt í rikissjóð, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Hinir ákærðu Ingimundur Einarsson, Otúel Sólmundur Sigurðsson, Sigurður Kristjánsson og Jónas Kristjánsson greiði hver um sig 500 króna sekt í rikissjóð, og afpláni hver þeirra sekt sína með 18 daga varðhaldi, ef hún greiðist ekki innan sama tíma sem áður segir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestast.

Ákærði Friðrik Þórðarson greiði verjanda sínum fyrir hæstarétti, Einari B. Guðmundssyni hæstaréttarmálflutningsmanni, 450 krónur í málsvarnarlaun, og hinir ákærðu Ingimundur Einarsson, Otúel Sólmundur Sigurðsson, Sigurður Kristjánsson og Jónas Kristjánsson greiði in solidum verjanda sínum fyrir hæstarétti, Jóni hæstaréttarmálflutningsmanni Ásbjörnssyni, 450 krónur í málsvarnarlaun. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal 500 krónur til sækjanda fyrir hæstarétti, cand. juris Gunnars Möllers, greiði hinir ákærðu allir in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 14. október 1941.

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvisinnar og valdstjórnarinnar með aukaréttarstefnu dags. 5. sept. þ. á. gegn þeim Friðriki Þórðarsyni bókhaldara, Ingimundi Einarssyni verkamanni, Jónasi Kristjánssyni bifreiðarstjóra, Otúel Sólmundi Sigurðssyni verzlunarmanni og Sigurði Kristjánssyni verkamanni, öllum til heimilis í Borgarnesi, fyrir meint brot gegn 26. kafla hegningarlaganna og lögum nr. 46 13. júní 1937 um samvinnufélög.

I.

Málavextir eru þessir: Þann 27. febrúar 1933 var stofnað félag í Borgarnesi með nafninu Samvinnuútgerðin Grimur. Félagið var skrásett í samvinnufélagaskrá Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. nóvember 1933.

Tilgangur félagsins er: „Að reka fiskveiðar, fiskverkun, verzlun með sjávarafurðir og innkaup á útgerðarvörum svo og hafa forgöngu um aukna útgerðarstarfsemi á félagssvæðinu og aukna vöruvöndun“ (2. gr. félagslaganna).

Félagsmenn gátu yfirleitt allir orðið, sem búsettir voru á félagssvæðinu, með nokkrum sjálfsögðum og venjulegum undantekningum (3. gr.). Inntökugjald félagsmanna var ákveðið 10 kr., gjald til stofnsjóðs kr. 100.00 og ábyrgð á skuldbindingum takmörkuð við kr. 200.00 auk eigna í sjóðum (4. og 10. gr.). Um viðskipti félagsmanna við félagið var ákveðið, að afurðir og vinna skyldi greitt með áætlunarupphæðum, er síðar væru leiðréttar eftir afkomu, þannig að vöruverð og laun yrði eftir atvikum hærra eða lægra en almennt væri á staðnum, þó þannig, að það sem væri of eða van frá hinu almenna, skyldi skiptast í hlutfalli við viðskiptamagn (12. gr.).

Hagnaður af viðskiptum við utanfélagsmenn skyldi renna í varasjóð (12. og 13. gr.).

Um sjóði félagsins var ákveðið, að þeir skyldu vera þrír.

1. Félagssjóður, sem var sameignarsjóður, og runnu í hann óvissar tekjur og inntökugjöld.
2. Stofnsjóður, sem var séreign félagsmanna, og skyldu renna í hann 50% af hreinum hagnaði af viðskiptum félagsmanna, 2% af útluttum afurðum og 3% af innfluttum vörum. Fé í stofnsjóði var óuppsegjanlegt nema við andlát, stöðvun atvinnurekstrar (gjaldþrot — nauðasamninga), veittan fátækra-styrk eða brottflutning af félagssvæðinu.
3. Varasjóður, sem var sameignarsjóður. Í hann skyldi renna 1% af andvirði keyptrar og seldrar vöru og 1% af starfs-launum félagsmanna á sjó og landi (14. gr.).

Um ábyrgð úrgenginna félagsmanna á skuldum félagsins, félagsslit og meðferð eigna við félagslit, var skirskotað til samvinnulaganna, (19., 20. og 21. gr.).

Án þess að beint sé orðað, virðast lögin gera ráð fyrir, að hver félagsmaður eigi eitt atkvæði á fundum.

Er félagið hafði verið formlega stofnað með því skipulagi, sem lýst hefur verið, hóf það starfsemi sína. Byrjun hennar var sú, að hafizt var handa um fiskreitagerð, og tók félagið síðan fisk til verkunar í ákvæðisvinnu. Þegar haustið 1933 var farið að vinna að því, að félagið eignaðist skip, og því haldið vakandi, þar til félagið eignaðist m/s „Eldborg“ með afsali dags. 5. ágúst 1934, enda hafði

ekki tekizt að fá fisk til verkunar og lá því starfsemi að mestu niðri. Skipið kom til Borgarness í sept. 1934. Rekstur þess var með þeim hætti, að það var ýmist leigt til fiskflutninga til Englands eða keyptur í það fiskur til sölu í Englandi. Á vetrarvertíð 1935 var það þó gert út á saltfiskveiðar og aflinn lagður á land og verkaður í Borgarnesi. Var starfsemi félagsins varla önnur en rekstur skipsins, og var honum, eftir þessa einu vertíð, er það var gert út á saltfiskveiðar, enn hagað þannig, að á sumrin stundaði skipið sildveiðar við norðurland en aðra árstíma var það í flutningum — ýmist innanlands eða í fiskflutningum til Englands, og oftast leigt öðrum. Virðist þessi tilhögun á rekstrinum hafa verið höfð vegna þess að félagið var lengst af illa statt fjárhagslega og hafði því ekki bolmagn til þess að reka fiskveiðar eða stunda fiskkaup, enda leigan talin áhættuminni. En af þessu leiddi þá aftur, að fæstir félagsmenn höfðu nokkur tók á að eiga viðskipti við félagið eða hafa atvinnu hjá því, og raunar ekki aðrir en þeir, sem á skipinu voru. Munu þó einhverjir skipverja hafa verið utanfélagsmenn, enda hörgull hæfra skipverja í Borgarnesi. En vegna þessarar tilhögunar virðist aðeins að litlu leyti hafa orðið náð þeim tilgangi, er félagið mun fyrst og fremst hafa verið stofnað til þess að ná, þ. e. að atvinnulíf í þorpinu fjörgaðist almennt við starfsemi félagsins og félagsmenn hefðu beinan hagnað af viðskiptum við það.

Eftir að ófriðurinn byrjaði haustið 1939 fór hagar félagsins batnandi, einkum á árinu 1940 og síðar. Sýna reikningar félagsins fyrir það ár, sem lagðir eru fram í málinu, að rekstrarhagnaður er talinn kr. 409055.99 áður en sjóðagjöld — önnur en stofnsjóðstillag kr. 30390.48 — eru frádregin og án þess tekið sé tillit til væntanlegra gjalda til hins opinbera.

Þegar sýnt þótti, að hagnaður yrði verulegur og fjárhagur félagsins orðinn góður, virðist hafa vaknað meðal félagsmanna hreyfing í þá átt, að þeim bæri að njóta þessarar velgengni félagsins. Kom þetta greinilega í ljós á aðalfundi þess, sem haldinn var 24. marz þ. á., og framhaldsfundum, sem haldnir voru 26. marz og 16. og 19. apríl. Á fundum þessum komu fram ýmsar tillögur um ráðstöfun á tekjuafgangi félagsins, og virðist meiningarmunur þeirra, er létu málið til sín taka, einkum hafa verið sá, að sumir, þar á meðal meiri hluti félagsstjórnar, vildu láta félagið leggja fram fjárfulgu, er almenningi í Borgarnesi mætti að gagni verða, en aðrir, þar á meðal hinir ákærðu, úthluta ákveðinni upphæð til allra löglegra félagsmanna. Því var og hreyft, að úthlutun skyldi aðeins ná til þurfandi félagsmanna, en þar sýnist þó fremur hafa verið um að ræða þátt í vopnaburði gegn úthlutun heldur en vilja í þessa átt, enda tillaga um þetta tekin aftur. Svo fór, að á fundinum 24 marz var samþykkt með yfirgnæfandi meiri hluta

atkvæða tillaga, er ákærður Friðrik Þórðarson, sem var einn af stjórnarnefndarmönnum, bar fram. Hún var á þá leið, að fundurinn skoraði á stjórn félagsins að leggja þá þegar fram tillögu, er fæli í sér, að hverjum lögsmætum félagsmanni yrðu greiddar kr. 2000.00 af tekjuafgangi ársins 1940, félaginu lokað og félagsmönnum tryggður sami réttur til arðs framvegis, ef fjárhagur leyfði. Á stjórnarfund 26. marz var áskorunin rædd, og niðurstaðan varð sú, að stjórnin — Friðrik Þórðarson undanskilinn — gat ekki fallist á að bera fram tillöguna, en vildi leggja til að framlag til vara-sjóðs væri lækkað úr kr. 300000.00, er áður hafði verið lagt til, í kr. 194578.52, og yfirfært yrði til ráðstöfunar aðalfundar kr. 214477.47. Aðalfundi var nú fram haldið 26. marz og þar samþykkt með 42 atkvæðum gegn 2 tillaga frá ákærðum Friðrik Þórðarsyni, svohljóðandi: „Aðalfundur s/f Grímur, haldinn í Borgar-nesi 26. marz 1941, samþykkir að veita 2000 kr. af tekjuafgangi ársins 1940 til hvers félagsmanns, sem er löglegur meðlimur félagsins í árslok samkvæmt félagaskrá.“ Tók þá meiri hluti stjórnarinnar aftur tillögu, er fyrir lá frá honum, um 100000 kr. framlag til framleiðslu og atvinnubóta. Síðar á fundinum var samþykkt með samhljóða atkvæðum tillaga frá ákærðum Jónasi Kristjánsyni þess efnis, að greiðsla til félagsmanna skyldi fara fram fyrir 15. apríl þ. á.

Þann 14. apríl hélt nú stjórnin fund, og var þar samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2, að umrædd útborgun skyldi fara fram næstkomandi laugardag: „ef hún (þ e. stjórnin) að áliti Ólafs Lárussonar prófessors eða annarra lögfræðinga telur það leyfilegt samkvæmt lögum félagsins og landslögum.“ Ákærður Friðrik Þórðarson greiddi atkvæði gegn þessu. Taldi hann heimildarlaust að leita álits lögfræðinga og vífilengjur einar til þess gerðar að komast undan framkvæmdum á vilja aðalfundar. Hinn maðurinn, sem á móti var, vildi ekki greiða án dóms, hvernig sem álitið yrði. Á þessum stjórnarfund 29. marz var áskorun 29 félagsmanna um að haldinn yrði framhaldsaðalfundur „í kvöld“, og skyldi ræða vantraust á meiri hluta stjórnarinnar „vegna tregðu hennar á að framkvæma ályktanir framhaldsaðalfundar frá í marz s. l.“

Daginn eftir er enn haldinn stjórnarfundur, og voru 4 stjórnendur mættir. Þar var Friðrik Þórðarsyni „vegna fjarveru nokkurra stjórnarmanna“ falið að boða framhaldsaðalfund. Fundur þessi var haldinn daginn eftir og settur af ákærðum Friðrik. Lagði hann fram tillögu þess efnis, að umboð til stjórnarstarfa væri tekið af meðstjórnendum hans vegna þess að þeir hefðu haft í frammi „allskonar þverúð í því efni (að framkvæma útborgunina) og gert stjórnarsamþykktir í þessa átt, sem fara í bága við mjög yfirlýstan vilja aðalfundar og samþykktir hans.“ Tillaga kom fram um að fresta málinu, þar sem þeir, sem hlut áttu að því, voru

fjarverandi. Einnig dagskrártillaga á þá leið, að málið yrði ekki afgreitt að sinni, þar sem kunnur ágreiningur væri um lagaheimild til þess að framkvæma útborgunartillöguna og því rétt að leita álits prófessors þess við Háskóla Íslands, er kenndi félagafraeði. Bæði frestunartillagan og dagskráin voru felldar. Sú fyrri með 29 atkv. gegn 11. Sú síðari með 30 atkv. gegn 8. En tillaga ákærðs Friðriks var samþykkt með 36 atkv. gegn 7. Voru síðan kosnir í stjórn hinir ákærðu Ingimundur Einarsson, Sólmundur Sigurðsson og Sigurður Kristjánsson. Auk þess var ákærður Jónas Kristjánsson kosinn varamaður, því að varamaður í stjórninni, er gegnt hafði störfum aðalmanns í fjarveru hans, hafði einnig verið sviptur umboði sínu með hinni samþykktu tillögu. 19. apríl kom stjórn sú, er verið hafði í félaginu, saman á fund, og var samþykkt þar að halda framhaldsfund. Skyldi þess getið í fundarboði, að stjórnin mundi skila af sér í hendur fundarins. Sama dag var fundurinn haldinn, og skýrði formaður fráfarandi stjórnar frá því, að samkvæmt áliti prófessors Ólafs Lárussonar væri hin samþykktu útborgun óheimil að lögum og gæti stjórnin því ekki fallið á að framkvæma hana. Var álitið lesið upp á fundinum og er lagt fram í málinu. Annar maður úr stjórninni bar fram tillögu um, að útborgun yrði frestað, þar til tvímælalaus gögn væru fram komin, er sýndu, að hún væri óhrekjanleg og lögleg. Jafnframt yrði stjórninni falið „að athuga möguleika um, að varið verði úr sjóðum félagsins svipaðri upphæð til almennra þarfa í Borgarnesi.“ Sýslumaðurinn á staðnum, sem var einn fundarmanna, varaði og mjög við útborgun til félagsmanna og taldi hana óheimila að lögum. Sömu skoðunar var og enn einn stjórnarmanna, er talaði, en í móti mælti ákærður Friðrik, er talaði af hálfu hinnar nýju stjórnar, og í sama streng tóku ákærðu Ingimundur og Jónas, er báðir töluðu á fundinum. Tillagan var felld með 39 atkv. gegn 13, og enn fremur samþykkt tillaga frá hinni nýju stjórn þess efnis, að útborgun mætti fara fram úr varasjóði, ef stjórnin teldi heppilegra.

Fráfarandi stjórn skilaði nú af sér í hendur fundarstjóra og hreyfði enginn neinum athugasemdum. Daginn eftir hélt hin nýja stjórn fund og samþykkti, að útborgunin færi fram, og þann 20. apríl var samþykktin áréttuð. Skyldi útborgun fara fram 27. apríl og greiðsla innt af höndum til allra þeirra, sem taldir voru lög-mætir félagsmenn samkvæmt merkingu stjórnarinnar á félagaskrá, en merking þessi er sögð hafa farið fram 14 apríl þ. á. 27. apríl bókar stjórnin á fundi, að hún liti á útborgunina sem „nokkrar bætur og glaðning“ frá félaginu til meðlima sinna vegna þess að þeir hafi litillar atvinnu eða hagnaðar notið af starfsemi félagsins, er hafi verið hagað með gróða þess fyrir augum, en ekki hagsmuni félagsmanna. Talið var, að rétt til útborgunar ættu 68 menn, og var öllum þeim, er óskuðu — þar á meðal ákærðu sjálfum —

greiddar kr. 2000.00 hverjum, flestum 27. apríl, en nokkrum næstu daga. Alls voru 52 mönnum greiddar kr. 2000.00 hverjum, eða samtals kr. 104000.00. Nokkrir félagsmenn vildu ekki taka við fénu, en nokkrir voru fjarverandi og höfðu ekki hafið það, er rannsókn málsins byrjaði og bann hafði verið lagt á frekari útborgun. Allir hinir ákærðu hafa viðurkennt í réttinum, að þeir hafi tekið þátt í þessum ráðstöfunum og verið þeim samþykkir.

II.

Sök eða sýkna hinna ákærðu í þessu máli virðist fyrst og fremst velta á því, hvort s/f Grimur er samvinnufélag að lögum eða ekki. Félagið er að visu skrásett sem samvinnufélag, og því ljóst, að þáverandi stjórn þess og skrásetningaryfirvöldin hafa litið á það sem slíkt. Þetta sker þó ekki úr, ef samþykktir félagsins leiddu til annarrar niðurstöðu. Því er þó ekki til að dreifa. Eins og sézt af þeim ákvæðum samþykktanna, sem rakin eru hér að framan, og öðrum fleirum, er allt skipulag félagsins með sniði samvinnufélags. Má í því sambandi benda á nafn félagsins, að félagið er opið öllum þeim, er fullnægja ákveðnum skilyrðum, atkvæðisréttur ekki miðaður við fjárframlög, lögboðið varasjóðstillag, arðsúthlutun ákveðin eftir viðskiptamagni, hluti tekjuafgangs rennur í stofnsjóð, arður af viðskiptum utanfélagsmanna rennur í varasjóð, um félagsslit og meðferð sjóðeigna, er þannig stendur á, fer eftir samvinnulögum, o. fl. Þetta félagsform virðist að visu ekki hafa reynzt heppilegt í framkvæmdinni, og a. m. k. hefur starfseminni verið hagað þannig, að samband félagsmanna við félagið og viðskipti þeirra flestra hverra við það, hafa lítil eða engin orðið. Félagið hefur þannig misst þess marks að miklu leyti, sem það setti sér í upphafi. En þessi þróun hefur orðið þannig bæði vegna þess að samvinnufélagsformið virðist ýmsum annmörkum bundið, þegar um útgerð er að ræða, og svo er hitt, að lélegur fjárhagur félagsins og aðrir erfiðleikar virðast hafa gert lítt mögulegt og a. m. k. mjög áhættusamt að reka félagið þannig, að félagsmenn almennt gætu haft við það viðskipti og atvinnu hjá því. En þessi tilhögun á rekstrinum, sem aðalfundir hafa alltaf samþykkt, getur ekki breytt lögskipan félagsins né viðhorfi þess til landslaga. Þótt frelsi manna til þess að skipa málum sínum með samningi eða samningsígildi sé yfirleitt viðurkennt, eru þó ýms fortakslaus ákvæði um félög, t. d. samvinnufélög og hlutafélög. Fylgja hverju félagsformi reglur um ákveðin réttindi og skyldur, settar til tryggingar almennum hagsmunum, viðsemjendum félags og félagsmönnum sjálfum. Þessi ákvæði hlytu að missa marks að verulegu leyti, ef hægt væri að breyta félagi úr einu formi í annað með vissri tilhögun á framkvæmdinni. Og einkum er augljóst, að þetta nær engri átt með samvinnufélög, sem hafa að ýmsu leyti

sérstöðu, t. d. um greiðslu opinberra skatta, en eru á hinn bóginn bundin kvöðum um ráðstöfun arðs og ráðstöfun sjóða, m. a. á þann hátt, að hið opinbera taki við sameignarsjóðum, ef félag leggst niður.

Félagið virðist og alltaf hafa verið skoðað sem samvinnufélag, viðskiptum þess við félagsmenn, að því leyti sem þau áttu sér stað, hagað samkvæmt því og félagið notið hlunninda sem slikt.

Samkvæmt þessu verður að telja félagið samvinnufélag að lögum.

Bæði samkvæmt samþykktum þess — 12. og 13. gr. — og lögum um samvinnufélög, — 6. lið, 3. gr. — ber að leggja arð af viðskiptum við utanfélagsmenn í varasjóð og engum tekjuafgangi má úthluta fyrr en öll lögboðin gjöld hafa verið lögð í óskiptilega sameignarsjóði, en í því felst þá jafnframt, að árði af utanfélagsmannaviðskiptum má aldrei úthluta til félagsmanna. Nú er vafalaust, að hagnaður sá, sem hér um ræðir, var að nokkru leyti hagnaður af því að leigja skipið og að nokkru hagnaður af fiskkaupum og fiskflutningi. Hann verður því ekki talinn annað en hagnaður af viðskiptum við utanfélagsmenn. Úthlutun á þessum hagnaði eða hluta hans til félagsmanna var því óheimil að lögum, og jafnvel þótt orða mætti, að til mála gæti komið einhver úthlutun til þeirra félagsmanna, er á skipinu voru, og áttu þannig persónulegan þátt í öflun teknanna, þá er úthlutun ólögleg þegar af þeirri ástæðu, að hún er á engan hátt miðuð við viðskipti þeirra, er hennar urðu aðnjótandi.

Eins og getið er hér að framan, bókuðu hinir kærðu á fundi sínum sama dag og greiðslur hófust, að þeir litu á greiðslurnar „sem nokkrar bætur og glaðning“. Virðist helst bera að skilja þetta þannig, að um gjafir sé að ræða, er félagsmenn hafi átt siðferðilegan rétt á, og er sá skilningur þó, alls ekki óhjákvæmilegur. En þótt þannig sé skilið og ljóst mál, að hóflegar gjafir er samvinnufélagi vitanlega heimilt að gefa eins og hverjum öðrum, þá sýnir það, að félagsmönnum einum var greitt og hverjum jöfn upphæð, svo og allt, sem á undan var gengið, m. a. synjun þess að verja upphæðinni til almennra hagsmunamála þorpsins, að hér var í raun og veru um úthlutun arðs að ræða og ekki annað, þótt reynt væri að siðustu að setja þann blæ á að um gjafir væri að ræða.

III.

Þegar ákveða skal refsingu hinna ákærðu, ber að hafa í huga, að félagsmönnum, þar á meðal hinum ákærðu, var nokkur afsökun, þótt þeim fyndist þeir vera nokkuð hart leiknir, ef þeir nytu einskis í af gróða félagsins, sem þeir höfðu stutt með fé og ábyrgð — að visu aðeins 100 kr. í peningum og 200 kr. ábyrgð. Það má og ætla, að í upphafi a. m. k. hafi félagsmenn ekki gert sér ljóst, að úthlutun arðs til þeirra væri á nokkurn hátt athugaverð,

enda naumast hægt að gera þær kröfur til almennings, að hann þekki skil á hinum að ýmsu leyti flóknu reglum, sem um félög gilda, né geri sér ljósan greinarmun þann og sérreglur, er um hvern flokk félaga gildir. En þessi misskilningur þeirra getur þó litlu skipt þegar þess er gætt, að áður en til framkvæmda kom, var ljóst orðið, að færir lögfræðingar, er höfðu kynnt sér málið, töldu úthlutunina ólöglega, og meiri hluti stjórnarinnar hafði neitað að framkvæma hana af sömu ástæðum. Þótt aðrir lögfræðingar hafi verið á annari skoðun, eins og verjandi hinna ákærðu heldur fram, gat það ekki réttlætt þá framkomu ákærðu, að þeir beittu sér fyrir eða tóku þátt í að setja félagsstjórnina af, eingöngu, að því er séð verður, vegna afskipta hennar af þessu máli, taka sjálfir að sér framkvæmdir á útborgun, sem þeir þó vissu vel, að af ýmsum var talin vafasöm, en ganga á hinn bóginn gegn öllum tillögum, er vildu fara varlegri leiðir og sem þó a. m. k. sumar hverjar gátu orðið til þess að bæta óbeinlinis, en þó á löglegan hátt, úr þeim órétti, er þeir töldu sig vera að bæta úr. Og allra sízt er afsakanlegt er þeir greiða sjálfum sér verulegar upphæðir úr sjóði félagsins eins og á stóð. Brotið verður því að teljast drýgt að yfirlögðu ráði. Hér er um að ræða háar upphæðir, og þótt félagið sýnist í sjálfu sér geta staðizt útborgunina, er þó svo langt gengið, að þegar skattar og gjöld komu til, sem að visu munu sumir vera vafasamir, litur út fyrir, að mestallur reksturshagnaður ársins yrði þannig að eyðslueyri, enda gert ráð fyrir, að upphæðin verði greidd úr varasjóði, ef hentara þykir, og er ekki enn gengið frá því, hvernig útborgunin verður bókfærð, að því er ákærðu hafa borið.

Í þessu sambandi má þó geta þess, að riflegur hagnaður mun einnig vera á þessu ári og fram kominn, er útborgun fór fram.

Eins og áður er getið njóta samvinnufélög ýmissa friðinda að lögum, svo sem um opinber gjöld, en í móti koma ýmsar kvaðir, m. a. að því er snertir arðsúthlutun. Verður því að telja það alvarlegt brot, þegar menn, í skjóli þessara friðinda, afla sér og öðrum óréttmæts ávinnings. Og sérstaklega verður að lita alvarlegum augum á þetta, þegar stjórnendur félags beita áhrifum sínum til slíks, en ljóst er, að hinir ákærðu hafa gert þetta, einkum þó ákærður Friðrik Þórðarson, sem bar fram og barðist sérstaklega fyrir tillögum þeim, sem samþykktar voru, og virðist hafa verið leiðtogi hinna.

Hinir ákærðu hafa ekki viljað endurgreiða fé það, er þeir fengu sjálfir, og ekki einu sinni stöðva útborganir, fyrr en þær voru bannaðar með úrskurði réttarins. Þeir hafa með þessu gefið öðrum félagsmönnum fordæmi, er telja verður a. m. k. til þess fallið að herða þá þeirra, er greiðslu hafa fengið, í því, að halda fénu, enda hefur aðeins einn þeirra, er rétturinn hefur æskt þess af að afhenda féð, viljað sinna því. Hafa þó allir, er til náðist, verið

um þetta spurðir. En vitanlega er hætt á, að mikið af þessu fé fari forgörðum og verði ekki endurheimtanlegt. Hinir ákærðu hafa ekki áður sætt refsingu né ákæru fyrir lögbrot, nema hvað ákærði Friðrik Þórðarson hefur einu sinni verið sektaður smávegis fyrir brot á laxveiðilöggjöfinni og öðru sinni fyrir brot á bifreiðalögunum.

IV.

Í kæru þeirri, dags. 29. apríl þ. á., sem var tilefni til þessa máls, kröfðust hinir 11 kærendur — sem flestir a. m. k. eru félagsmenn í s/f Grímur, að „2000 kr. útborgun til hvers félagsmanns verði dæmd ólögleg og þeir, er veitt hafa því móttöku, dæmdir til að skila því.“ Kröfur um endurgreiðslu eða skaðabætur hafa ekki aðrar komið fram.

Eins og málshöfðunarskipun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins ber með sér, er það ekki lagt fyrir, að mál skuli höfðað gegn öðrum en þeim, sem stefnt hefur verið í málinu. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki unnt að taka til meðferðar kröfur á hendur þeim, sem greiðslu hafa fengið, en ekki er stefnt.

Að því er snertir hina ákærðu, verður ekki heldur hægt að taka endurgreiðslukröfu til greina, þegar af þeirri ástæðu, að kærendur eru ekki réttir aðiljar til þess að krefja um slíka endurgreiðslu. Það verður því að sýkna hina ákærðu að svo stöddu af endurgreiðslukröfunni á hendur þeim sjálfum, en vísa henni að öðru leyti frá dómi. Frekari greiðslu samkvæmt umræddum fundarsamþykktum ber þó að banna.

V.

Í kæru, dagsettri 11. maí þ. á., hafa 12 félagsmenn í s/f Grímur krafizt þess:

Í fyrsta lagi, að 4 hinna ákærðu í þessu máli, Ingimundur Einarsson, Jónas Kristjánsson, Otúel Sólmundur Sigurðsson og Sigurður Kristjánsson, verði með dómi sviptir rétti til þess að fara með stjórn félagsins.

Í öðru lagi, að þeim, og auk þess ákærða Friðrik Þórðarsyni, verði með dómi vikið úr félaginu.

Í þriðja lagi, og til vara, að því er virðist, að þeir verði allir fimm sviptir rétti til þess að fara með stjórn félagsins meðan á rekstri málsins stendur og stjórn þess falin aðalstjórnarmanni Kristjáni Péturssyni og varastjórnarmönnum, þeim Karli Einarsyni, Daniel Eyjólfssyni og Þórði Pálmassyni.

Kröfum þessum vísaði dómariinn frá sér með úrskurði uppkveðnum 13 maí s. l., þar sem kæruatriðin féllu ekki undir dómaraumboð hans, þ. e. tvö hin fyrri. En að því er hið síðasta snertir, var úrskurðað, að viðeigandi ráðstafanir hefðu verið gerðar til

þess að tjón hlytist ekki af stjórn hinna ákærðu á félaginu, og yrði því sú krafa ekki tekin til greina. Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 17. júlí s. l., var dómáranum falið umboð til þess að úrskurða um allt efni kærunnar.

Þar sem þriðji liður hennar hafði þegar verið tekinn til meðferðar, þótti ekki ástæða til að kveða upp úrskurð um hann, fyrr en jafnframt því að málið er dæmt, enda útilokað að kröfurnar gætu orðið teknar til greina, fyrr en úr því var skorið, hvort atferli ákærðu væri ólöglegt.

Umræddar kröfur undir 1. og 2. lið hér að framan eru rökstuddar með því, að ákærðu séu lítt færir til þess að stjórna félaginu, hafi verið kosnir í stjórn og tekið við störfum til þess að framkvæma ólöglega útborgun úr sjóði félagsins, sé ekki treystandi til að endurheimta hið ólöglega greidda fé og að þeir með þessu hafi unnið, og vinni, gegn hagsmunum félagsins og brjóti lög þess.

Að visu verður að líta svo á, að hin umrædda útborgun hafi verið ólögleg og að hinir ákærðu hafi fyrst og fremst verið kosnir í stjórn og tekið starfið að sér til þess að framkvæma hana. En þótt meðlimir félagsstjórnar framkvæmi einstakar ólöglegar ráðstafanir, skapar það eitt dómstólum ekki heimild til þess að svipta lögleg félög stjórn, er þau hafa löglega kosið sér. S/f Grímur verður að teljast löglegt félag, meðan því er ekki slitið með dómi, og hefur því rétt til að ráða stjórn sinni, a. m. k. meðan engar ráðstafanir hafa verið gerðar af hálfu hins opinbera til þess að félaginu verði slitið sem ólöglegu, en það hefur ekki verið gert. Og ekki verður annað séð en að ákærðu hafi verið löglega kosnir, því að framhaldsfundirnir 16. og 19. apríl sýnast hafa verið löglegir fundir. Fráfarandi stjórn var vikið frá störfum á hinum fyrri og hin nýja stjórn kosin þar — hvorttveggja með yfirgnæfandi atkvæðamagni. — Á hinum síðari skilaði fyrri stjórn af sér í hendur fundinum, og verður ekki séð, að hún eða aðrir fundarmenn hafi hreyft nokkrum athugasemdum gegn því, að ákærðu væru löglega kosnir.

Að því er snertir að visu ekki óeðlilegt vantraust kærenda á því að ákærðu greiði sjálfir og innheimti fé það, er þeir hafa ólöglega greitt úr félagssjóði, skal tekið fram, að telja verður sennilegt, að þeir hegði sér samkvæmt því, er dómurinn gefur til efni til, og ef það brygðist, þá mundu félagsmenn gera það. En ef allt um þryti með löglegt starf félagsins, má ætla, að hið opinbera gerði ráðstafanir til þess að því yrði slitið og eignir þess gerðar upptækar.

Eins og málið liggur fyrir og umboði dómárans er háttað, er ekki heldur á valdi dómárans að gera beinar ráðstafanir í þessu efni, enda þeirra væntanlega ekki þörf.

Framkomnar kröfur um að hinum ákærðu verði vikið úr stjórn

s/f Grímur og úr félaginu og aðrir menn settir til að stjórna því, verður því ekki hægt að taka til greina.

VI.

Ekki verður séð, að brot ákærðu falli undir sérrefsíákvæði laga nr. 46/1937 um samvinnufélög, og ber því að sýkna þá af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Á hinn bóginn fellur afbrot þeirra undir 247. og 249. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin þannig, að ákærður Friðrik Þórðarson, sem telja verður aðalforvígismann í þessum samtökum, sæti 3 mánaða fangelsi, en hinir ákærðu, Ingimundur Einarsson, Jónas Kristjánsson, Otúel Sólmundur Sigurðsson og Sigurður Kristjánsson hver um sig 2 mánaða fangelsi.

Allan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum. Þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Péturs Magnússonar hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 300.00.

Með tilliti til þess, að undanfarandi hegðun ákærðu hefur ekki verið athugaverð, og þess, að brotið kann að einhverju leyti að vera sprottið af afsakanlegum misskilningi á flóknum réttarreglum, þykir rétt að fullnustu dómsins sé frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum, ef skilyrðum laga er fullnægt.

Til þess að hinir stefndu hafi nokkurt aðhald um að bæta brot sitt, skal frestun refsingarinnar enn fremur þeim skilyrðum bundin:

I. Að hinir dómfelldu endurgreiði s/f Grímur innan 30 daga frá lögbirtingu dómsins fé það, kr. 2000.00 hver, er þeir hafa þann $2\frac{1}{4}$ þ. á. greitt sjálfum sér — Friðrik Þórðarson þó þann $3\frac{1}{4}$ þ. á., ásamt 3% ársvöxtum frá $2\frac{1}{4}$ þ. á. — Friðrik Þórðarson þó frá $3\frac{1}{4}$ þ. á. — til greiðsludags.

II. Að ákærðu feli löggiltum málflutningsmanni innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa að innheimta í sjóð s/f Grímur hjá hlutaðeigendum fé það, er þeir samkvæmt framangreindum fundar samþykktum hafa greitt 27., 28., 29. og 30. apríl s. l., sbr. bls. 8—11 á rskj. 2 í málinu, ásamt 3% ársvöxtum frá útborgunardegi til greiðsludags.

III. Að framangreindum tveim skilyrðum verði fullnægt undir eftirliti sýslunefndar Mýrasýslu.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður Friðrik Þórðarson sæti 3 mánaða fangelsi.

Ákærðu Ingimundur Einarsson, Jónas Kristjánsson, Otúel Sólmundur Sigurðsson og Sigurður Kristjánsson sæti 2 mánaða fangelsi hver.

Allan kostnað sakarinnar greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, sins, Péturs Magnússonar hrm, kr. 300.00.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður að 2 árum liðnum, ef skilorð laga eru haldin.

Brottfall refsingarinnar er enn fremur skilyrt því:

Að ákærðu endurgreiði s/f Grími í Borgarnesi, hver um sig, innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, kr. 2000.00 ásamt 3% ársvöxtum frá 27. apríl s. l. til greiðsludags, – Friðrik Þórðarson þó frá 30. apríl s. l.

Að ákærðu feli löggiltum málflutningsmanni innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa að innheimta í sjóð s/f Gríms hjá hlutaðeigendum fé það, er þeir samkvæmt framengreindum fundarsamþykktum hafa greitt 27., 28. og 29. og 30. apríl s. l., ásamt 3% ársvöxtum frá 27. apríl s. l. til greiðsludags, –

Að framangreindum tveim skilyrðum verði fullnægt undir eftirliti sýslunefndar Mýrasýslu.

Ákærðu skulu sýknir af kæru valdstjórnarinnar í málinu.

Ákærðu verður ekki vikið úr s/f Grímur né sviptir umboði til þess að stjórna félaginu, en bannað er þeim að greiða félagsmönnum í s/f Grími, frekar en orðið er, samkvæmt framangreindum fundarsamþykktum.

Ákærðu skulu að svo stöddu sýknir af hinni gerðu endurgreiðslukröfu, en að öðru leyti visast henni frá dómi.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. maí 1942.

Nr. 14/1942. **Hannes Jónsson, Þórður Einarsson og Jóhann Magnússon.** (Einar B. Guðmundsson)
 gegn

Neskaupstað. (Stefán Jóh. Stefánsson).

Útsvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. febr. þ. á., hafa krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður og lögtak samkvæmt honum verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi hefur kraf-